

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LV. árgangur

1974

Miðvikudaginn 9. janúar 1974.

Nr. 153/1973: Ákærvaldið

(Þórður Björnsson saksóknari ríkisins)

gegn

Birni Björnssyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur
Jörundsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Halldór Þ. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Sauðárkróki.

Með dómi sakadóms Sauðárkróks hinn 30. maí 1968 var ákærði dæmdur sekur um brot á 215. gr. almennra hegningar-
laga, 2. málsgrein, sbr. 3. málsgrein 25. gr., 1. málsg. 26.
gr., 1. málsg. 37. gr., 1. og 2. málsg. 49. gr., sbr. 80. gr. um-
ferðalaga nr. 26/1958 og 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfeng-
islaga nr. 58/1954. Var refsing ákveðin 5.000 króna sekt, og
sviptur var hann ökuleyfi um þriggja ára skeið frá 9. sept-
ember 1966 að telja. Hefur sá refsidómur ítrekunaráhrif á brot
þau, sem um er fjallað í máli þessu, sbr. 71. gr. almennra
hegningarlaga nr. 19/1940. Háttsemi ákærða er réttilega færð
til refsíákvæða í héraðsdómi. Þykir refsing hans hæfilega á-
kveðin 10 daga varðhald. Samkvæmt 3. málsg. 81. gr. um-
ferðarlaga nr. 40/1968 og 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfeng-
islaga nr. 82/1969 ber að svipta ákærða ökuleyfi hans ævi-
langt frá 27. september 1972 að telja, en þann dag var ákærði
sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, sbr. 81. gr. laga nr. 40/1968.

Akvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 12.000.00. Annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, enda hefur af hálfu ákærvaldsins verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu frekari áfrýjunarkostnaðar en málsvarnarlauna.

Rannsókn máls þessa er eigi jafnrækileg og skyldi.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Björn Björnsson, sæti 10 daga varðhaldi.

Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 27. september 1972 að telja.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 5. febrúar 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. nóvember s.l., er höfðað af ákærvaldinu með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 3. nóvember 1972, gegn Birni Björnssyni bifreiðarstjóra, Skógargötu 6 B, Sauðárkróki, fyrir að aka laugardaginn 9. september 1972 undir áhrifum áfengis bifreiðinni K 749 heiman að frá sér suður Aðalgötu og upp Kirkjuklauf að húsi nr. 17 við Skógargötu, aka þar aftur á bak utan í bifreiðarnar K 331 og K 856 og síðan rakleitt heim til sín án þess að gera viðeigandi ráðstafanir vegna ákeyrslunnar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45 gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur á Illugastöðum í Skefilsstaðahreppi 29. janúar

1908 og hefur, svo að vitað sé, sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1953 7/11 á Sauðárkróki: Sátt, 100 króna sekt fyrir brot á 82. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu.

1968 30/5 á Sauðárkróki: Dómur: 5.000 króna sekt fyrir brot á 215 gr. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 ár frá 9. september 1966.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 9. september 1972 var ákærði í réttum og byrjaði að eigin sögn að neyta áfengis og hélt því áfram fram eftir degi.

Síðdegis kom hann heim og tók þá bifreið sína, K 749, og ók heiman að frá sér, suður Aðalgötu og upp Kirkjuklauf að húsinu nr. 17 við Skógargötu. Þar sem sá, er hann ætlaði að hitta þar, var ekki heima, sneri hann við og fór heim aftur.

Þegar ákærði var að snúa bifreiðinni, þurfti hann að aka aftur á bak og ók við það líttillega utan í tvær kyrrstæðar bifreiðar, K 331 og K 856. Ákærði segir, að sér hafi fundist snertingin það lítil, að hann hafi ekki séð ástæðu til að athuga það nánar.

Lögreglunni var tilkynnt um óhappið klukkan 1730 af eiganda annarrar bifreiðarinnar og jafnframt að ákærði mundi valdur að tjóninu. Lögreglumenn fóru heim til ákærða og sáu, að bifreið hans var skrámuð og dælduð á vinstri hlið og afturljós brotið, enda viðurkenndi ákærði þegar að hafa orðið valdur að óhappinu.

Var ákærði færður á sjúkrahúsið, þar sem úr honum var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar klukkan 1815.

Við alkóhólakvörðun hjá Rannsóknarstofu í lyfjafræði reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1.99%.

Með framburði ákærða, sem studdur er öðrum gögnum málsins, og með niðurstöðu alkóhólrannsóknar þykir fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá hegðun, sem honum er í ákæru gefin að sök og þar þykir réttilega færð til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi í 18 mánuði frá 27. september 1972 að telja, en þá var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Björnsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 18 mánuði frá 27. september 1972 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1974.

Nr. 170/1972: **Jón Vigfússon**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
vegna Skipaútgæðar ríkisins**

og

Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Gaukur
Jörundsson.**

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 22. desember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. desember s. á. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmt að greiða sér óskipt kr. 658.550.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1968 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar óskipts úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál væri eigi gjafsóknarmál, að því er varðar málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Skipaútgæðar ríkisins krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndi Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.